

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 26. árgangur 2021

Frá formanni

Kæru félagar.

Í ár eru liðin 25 ár frá stofnun félagsins. Á þessum árum hefur félagið og félagsmenn verið duglegir að vinna að hverskonar listmuna smíði, bæði heima hjá sér og annarstaðar. Við bíðum öll spennt eftir að ná að halda veglega listasýningu á verkum félagsmanna um leið og færi gefst. Ennþá erum við í óvissu vegna heimsfaraldursins en höldum samt ótrauð áfram að skera út og tálga.

Á síðasta aðalfundi félagsins, árið 2020, „korter í heimsfaraldur“, var góður hugur í félagsmönnum og var rætt m.a. um að eignast eða vera með í samstarfi við aðila um sameiginlega aðstöðu fyrir félagsmenn okkar, þar sem hægt væri að koma saman, vinna í verkum, hittast og eiga góðar stundir saman. Það er von mín að af þessu geti orðið einn daginn. Stjórn félagsins er um þessar mundir að vakna úr hýði og er að koma saman um verkefni félagsins á komandi misserum.

Ég vil óska okkur til hamingju með afmælið.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með á heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,

Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Skemmtileg myndbönd og kynningar hjá Jóni Adólf Steinólfssyni

Jón Adólf er athafna maður og lætur ekki ástandið í þjóðfélaginu setja sig út af laginu.

Það er skemmtilegt að segja frá því að Jón Adólf hefur haldið úti Youtube síðu þar sem hann hefur heimsótt listafólk við tréútskurð. Þetta eru stutt myndbönd og skemmtileg þar sem listamaðurinn segir frá sjálfum sér og verkum sínum.

Endilega leitið þetta uppi og skoðið á Youtube. Leitið eftir „Handverk og Listir“

Jón Adólf er nú þegar búinn að gefa út nokkur myndbönd, m.a. þá hefur hann heimsótt Bjarna Þór, Tryggva Thorleif, Stefán Hauk og Friðgeir.

Með vinsamlegu leyfi listamannsins, þá læt ég hérna fylgja með eitt nýlegt verk eftir Jón Adólf.



Myndasería: „Handverk og listir“.



<https://youtu.be/9s-yNIGXY0Q>



<https://youtu.be/LKCbRnZL7b0>



<https://youtu.be/TOGPyl05F5w>



<https://youtu.be/zw4FwyxkDUw>



<https://youtu.be/nFniu3ZltSY>

Myndaseríur

Myndaseríur Jón Adólfs eru sjálfstætt framtak listamannsins og hefur tekist afar vel.

Sannkallaður Hvalreki fyrir áhugafólk í Tréútskurði að fá að fylgjast með listafólki í sínu umhverfi og frásögnum þeirra.

Listamenn:

- Friðgeir Guðmundsson
- Stefán Haukur Erlingsson
- Bjarni Þór Kristjánsson
- Tryggvi Thorleif Larum
- Júlíus Ágúst Guðmundsson

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá tréútskurðar námskeiðum.



Síðasta vorsýning félagsins var haldin 2019. Hún var einstaklega vegleg og þar var mikið af fallegu handverki.

Verk Ingólfs Sigurjónssonar með tálgaða fugla, vöktu mikla athygli enda alveg einstaklega vel skorið út og ekki síður málað. Fuglarnir settir inn í fallegt umhverfi sem gáfu verkinu mikið líf. Það stóð alltaf til að heimsækja Ingólf og skoða aðstöðuna hans. Við erum ekki tilbúin til að gefast upp á því og vonandi verður það fljótlega.

Hérna koma nokkrar myndir frá Vorsýningunni 2019 af verkum Ingólfs.





Um Fólk og Listamenn



Richard Kron er þýskur listamaður sem býr í Rush, New York, Bandaríkjunum. Hann hóf feril sinn sem málari. Hann hóf útskurð fyrir fjörutíu árum í Flórída þegar hann flutti til Bandaríkjana. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín. Undanfarin fimmtíu ár hefur hann málað andlitsmyndir, veggmyndir, landslag og töfrandi myndefni sem hanga á opinberum og einkareknum stöðum.

Verkið „Víkínga höfðinginn“ er skorinn út í heilu lagi í Eik og er 3,6 metri að hæð.

Fyrirtækið Resumed keypti verkið af Richard og því var ætlað sem gjöf til Forsætisráðherra Íslands.

Nánari upplýsingar höfum við ekki, þ.e. hvort að þáverandi Forsætisráðherra hafi þegið gjöfina.

Richard Kron er einnig frægur fyrir að hafa skorið út - 911 Memorial Brockport í New York sem er til heiðurs hetjudáð slökkviliðsmanna í New York borg í World Trade Center.







Hjörtur Árnason vinnur verkin sín inni í bílskúrnum heima hjá sér. Honum var snarað inn í stjórn hjá FÁT fyrir nokkrum árum og unir sér þar vel með góðu fólki.

Hjörtur sér einnig um að setja saman Brýnið og finna til efni í það ritverk. Það hefur ekki legið á lausu mikið efni í ritverkið síðan heimsfaraldurinn fór af stað í mars 2020, því miður hefur ekki verið hægt að halda samkomur og sýningar í rúmlega eitt ár.

Hjörtur hefur verið að vinna í alveg nýju, það er að skera út fiska.

Konan hans Elín Guðmundsdóttir hefur verið svo elskuleg að aðstoða Hjört með að mála fiskana og útkoman er mjög góð. Okkur langar að láta fylgja hérna með nokkrar myndir af þessu útskurðar ævintýri Hjartar.





Honum Guðmundi, afa og ömmu stráknum leiddist ekki, helgina sem hann var í heimsókn hjá ömmu og afa. Honum fannst gaman að hjálpa til og skapa líka sín eigin listaverk. Hann kom sér vel fyrir niður í bílskúr með afa og skar út og pússaði afgangs fisk sem var hálfkláraður hjá afa.

Hérna er hann að mála fiskinn sem hann skar út með afa. Amma aðstoðaði hann að sjálfsgöðu með litina og hið listræna sjónarspil. Hann var ákveðin í því að mála fiskinn sinn eins og Gullfisk



Gullfiskurinn hans Guðmundar.



Fyrir þá sem eru að missa af sýningu Gunnlaugs A. Jónssonar á Hilton hóteli, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík, þá ætla ég að gera henni hérna smá skil. Á sýningunni eru 60-70 útskornar styttnir úr tré af þekktu fólki úr mannkynssögunni. Þetta er mjög flott sýning í eigu Gunnlaugs A. Jónssonar, verk eftir hinn Sænska Urban Gunnarsson. En faðir Urbans hét Sven og var einnig vel þekktur fígúrutálgari. Urban hefur sérhæft sig í því að skera í tré þekkta karaktera úr mannkynssögunni. Sýningin stendur til 2. maí. 2021.

Gunnlaugur hefur í gegnum árin heimsótt Stokkhólm og fyrir nánast tilviljun árið 2009 þá kynntist hann Urban þegar hann var beðin um að sækja til hans útskorna styttna úr tré. Síðan þá hefur hann að jafnaði farið tvisvar á ári til Stokkhólms, hitt á Urban og keypt hjá honum 3-5 styttnir í senn. Þannig hefur körlunum fjölgað jafnt og þétt í áranna rás og nú rúmum áratug frá því að Gunnlaugur rakst inn til Urbans eru þeir að nálgast hundraðið. Að sögn Urbans þá á enginn jafn stórt safn og Gunnlaugur og undanskildi hann þá ekki stórtæka safnara í Svíþjóð.

Í fyrstu atrennu keypti Gunnlaugur þekktar útgáfur úr höfundarverki Urbans. Þar á meðal má nefna Winston Churchill, sem í áratugi hefur verið vinsælasta viðfangsefni hans en einnig Mahatma Gandhi.

„Urban hefur sérhæft sig að stórum hluta í karakterum af stjórnmálasviðinu, bæði í Svíþjóð og á heimsvísu.

En safnið er víðtækt og þar má finna fjölbreyttan hóp fólks, m.a. Sigmund Freud, hinn þekktu geðlækni og taugafræðing og einnig tónskáldið Antonín Dvořák. Svo hefur hann fengið Urban til að skera út nokkra Íslendinga og á Gunnlaugur allmarga Íslendinga í safni sínu. Meðal annars eru þeir Haraldur Níelsson, prófessor og Ólafur Thors forsætisráðherra.



Hérna er Gunnlaugur með safnið sitt.



Dagsskrá 2021

Dagskrá – 2021

Fylgist með, dagskrá 2021 verður auglýst betur síðar til félagsmanna.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

